



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um strætóstoppistöð fyrir Strætó nr. 57 við Esjurætur í Kollafirði.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. september 2022. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fyrirspurnir varðandi strætóstoppistöðina fyrir strætó númer 57 við Esjurætur í Kollafirði. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvenær stoppistöðin verði opnuð aftur. Stoppistöðinni var lokað í vor því bílstjórunum þótti svo erfitt að komast aftur inn á Vesturlandsveginn. Næsta stöð er uppi á Esjumelum í 700-1000 metra fjarlægð. Íbúum Kjalarness finnst þetta afleitt- stórhættulegt fyrir unglingana sína. Íbúarnir horfa daglega upp á ferðamenn komast í bráða lífshættu við að ganga á Esjuna og eru því uggandi. Það er óásættanlegt að ætla fólki að ganga í hvernig veðri sem er í 20-30 mínútur meðfram mjög þröngum vegkanti Vesturlands vegarins í myrkri með þungri og hraðri umferð flutningabíla. Hér er um að ræða eitt vinsælasta göngusvæði höfuðborgarsvæðisins. Þangað fer enginn strætó og hvorki göngu- né hjólastígar eru á þessari leið. Leið 57 hefur gegnum tíðina verið óáreiðanlegur samgöngumáti því ef Holtavörðuheiðin er slæm, rok við Hafnarfjall eða á Kjalarnesi kemur enginn vagn. Óskað er svara hið bráðasta.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 26. október 2022.

Svar:

Landsbyggðarleiðir Strætó líkt og leið nr. 57 eru reknar af Vegagerðinni sem og stoppistöðvar á þjóðveginum. Það var ákvörðun Vegagerðarinnar að loka stoppistöðinni með tilliti til umferðaröryggis. Það er því ekki á forræði Reykjavíkurborgar að ákveða hvort og þá hvenær stoppistöðin opnar aftur. Reykjavíkurborg er meðvitað um óskir íbúa Kjalarness og annarra íbúa um að stöðin skuli opna að nýju. Vakin er athygli á að leið 29, pöntunarþjónusta milli Kjalarness og Mosfellsbæjar, ekur að Esjurótum.

Beðist er velvirðingar á seinu svari.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavíkurborg